

Nd.

285. Frumvarp

til laga um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð (sbr. 10. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri geta lesið liðugt og skrifað nokkurn veginn,

ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd við próf eða á annan hátt að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gera ráðstöfun til, að börnin fái nauðsynlega tilsögn á heimili sínu eða utan þess. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en greiða má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnaðinn má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurnveginn ritvillulaust og mállýtalaust; kunna skal það utanbókar nokkur islensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rjett frá efni þeirra með sínum eigin orðum;
2. að geta skrifað liðugt læsilega og hreinlega rithönd;
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringu valda kafla úr biblíunni eða biblíusögur, sjerstaklega um líf og kenning Krists, og skal lögð áhersla á, að það hugfesti sjer einkum orð hans og hafi þau rjett eftir; kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma;
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum;
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju og þau tímabil, er þau lifðu á;
6. að vera leikið í að nota landabrjef, hafa athugað áttugana vandlega og fengið sem ljósasta þekking á náttúru Íslands og hógum þjóðar vorrar; það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helstu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfi voru;
7. að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það befir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal og vita nokkuð um líffæri og lífsstörf mannslikamans, dýra og jurta, og um helstu atriðin, er að hollustuháttum lúta;
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við islensk ættjarðarljóð;
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem önnur grein ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta heimangönguskóla, öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II.

Um skólahjæruð.

4. gr.

Hver kaupstaður og hver hreppur landsins er skólahjæruð út af fyrir sig, nema önnur skipun sje á ger.

Tveir eða fleiri hreppar geta með samþykki fræðslumálastjórnar gengið saman í eitt skólahjæruð, ef tillaga um það er samþykkt, fyrst af hreppsnefndum þeim, er hlut eiga að máli, en þar næst í hverjum hreppi á fundi, er löglega hafa verið boðaðir til þeir hreppsþúar, er atkvæðisrjett eiga í sveitar-málum.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahjæruði hverju undir umsjón fræðslumálastjórnar.

III.

Um skólahald.

5. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykkt af fræðslumálastjórninni, skulu öll börn, 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd veiti undanþágu.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 24 kensluvikur. Þó getur fræðslumálastjórnin veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um fjórar vikur, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 7—10 ára að aldri að minsta kosti 8 kensluvikur haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir.

Nú geta ekki öll skólaskyld börn í hjæruðinu gengið að heiman til skólans, og skal þá annaðhvort koma þeim í dvöl í nánd við skólann eða búa þeim heimavist í skólanum hinn lögskipaða námstíma. Heimilt er þó að ráða þessum börnum farkennara, sjeu þau 12 eða fleiri og þeim eigi sjeð fyrir nægri kenslu á annan hátt.

6. gr.

Í þeim skólahjæruðum, þar sem settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir samþykkt af fræðslumálastjórninni, skulu öll börn skólahjæruðsins, 10—14 ára að aldri, njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti undanþágu. Heimilt er þó að láta skólaskyldu þessa ná að eins til 12—14 ára barna, sje yngri börnum sjeð fyrir lögskipaðri fræðslu með farkenslu eða á annan hátt.

7. gr.

Í þeim skólahjæruðum, þar sem ekki eru fastir skólar, skal halda far-

skóla, er veiti hverju barni í skólahjæraðinu, 10–14 ára að aldri, fræðslu 12 vikur á ári að minsta kosti, nema skólanefnd veiti undanþágu. Þó er skólanefndum heimilt að leyfa 8 vikna kenslu á ári fyrir hvert barn í þeim skólahjeruðum, þar sem farkenslu er þrískift. Gæti skólanefnd farskólalaust, með eftirlitskennara eða á annan hátt, sjeð öllum börnum skólahjæraðsins á aldrinum 10–14 ára fyrir fullnægjandi fræðslu, er henni það heimilt. Sýni prófin í einhverju skólahjæraði, sem þetta kenslulag hefir, að fræðslan sje ekki fullnægjandi, er fræðslumálastjórninni skylt að ákveða skólaskyldu í því hjæraði.

8. gr.

Skólaskyldualdur miðast við nýár.

9. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu þeirri, er ræðir um í 5., 6. og 7. gr., skal skólanefnd veita, ef hún af árlegum prófum fær trygging fyrir því, að sú fræðsla, sem börnin fá utan skólans, verði jafngild þeirri, er skólinn mundi veita. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Fræðslumálastjórnin getur veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Sýni próf 8–10 ára barna í einhverju skólahjæraði, að minsta kosti tvisvar á þremur árum, að fjórði hluti þeirra eða meira hafi eigi fengið nægilega fræðslu, skal skólanefnd tilkynna fræðslumálastjórninni það, og getur hún þá ákveðið skólaskyldu fyrir börn á þessum aldri í skólahjæraðinu.

11. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2–5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

12. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðist kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólasókn þess eða fræðslu, skal sá kostnaður greiðast úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkar greiðslur skulu komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok hvers skólaárs.

13. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 10–14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, er ríkissjóður leggur til kennaralauna og skóláhúsa. — Nú eru fleiri en einn hreppur

i skólahjæraði, og greiðir þá hver þeirra kostnaðinn við skólahaldið að rjettri tiltölu við fjölda skólaskyldra barna í hreppnum.

Um kostnaðinn við fræðslu yngri barna en 10 ára fer samkv. 1. gr. (sbr. 12. gr.).

14. gr.

Til að reisa barnaskólahús utan kaupstaða greiðir ríkissjóður, af því fje, er til þess er veitt í fjárlögum ár hvert, allt að þriðjungu kostnaðar, sje það heimangönguskóli, en allt að helmingi kostnaðar, sje það aðallega heimavistar-skóli, með því skilyrði, að fræðslumálastjórnin samþykki uppdrátt og lýsing af húsinu og legu þess, enda sje húsið með lóð þess eign hreppsins.

Nú er hætt að nota skólahús til skólahalds, og er þá fje það, er ríkissjóður hefir til þess lagt, afturkræft, þannig að ríkissjóður fái af rjettu andvirði hússins tiltölulega við tillag sitt.

15. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um gerð, legu og hollustuhætti skólahúsa.

16. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbyggt til skólahalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygging eftir uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin hefir samþykkt, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

Nú er skólahús ekki byggt samkvæmt uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin hefir samþykkt, og getur þá skólanefnd neitað að taka við húsinu, uns það er komið í rjett lag.

17. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem stofnaður er og rekinn fyrir fje einstakra manna eða fjelaga, ef hann starfar samkvæmt reglugerð, er fræðslumálastjórnin samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og aðrir barnaskólar.

Börn á skólaskyldualdri, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki leyfi skólanefndar til, en forstöðumaður hans skal fyrir byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd í tje skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga barnaskólar einstakra manna eða fjelaga heimting á styrk af almannaþje.

IV.

Um próf.

18. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu og þroska barna í hverju skólahjæraði, og heldur kennarinn (kennararnir) prófið. Nú hefir skólahjærað fengið undanþágu frá lögskipuðu skólahaldi, og skipar þá fræðslumálastjórnin prófanda. Skal hann hafa sömu laun og prófdómendur.

Við próf skal jafnan vera prófdómandi, skipaður af fræðslumálastjórninni. Utan kaupstaða fær hann 6 kr. í dagpeninga og dýrtíðaruppbót að auki. Í kaupstöðum borgast eftir samkomulagi. Kostnaðurinn greiðist úr rikissjóði.

Próf skal haldið að vorinu, og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd. Til prófs skulu koma öll börn skólahjæraðsins 8–14 ára að aldri.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs án gildra forfalla, og skal þá prófdómandi prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, er hann til tekur, og greiðir sá, er barnið hefir til framfæris, prófkostnaðinn.

19. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því, er segir í 1. gr.

20. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Undanskilín fyrirmælum þessarar greinar og næstu greinar á undan eru þau börn, sem að dómi kennara, læknis og prófdómanda eru óhæf til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska eða vanheilsu.

21. gr.

Börn þau, er með fullnaðarprófi hafa lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af prófdómanda og prófanda.

22. gr.

Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd skriflegt álit sitt um hæð barnafræðslunnar í skólahjæraðinu, en hún sendi það fræðslumálastjórninni, með öðrum lögboðnum skýrslum.

23. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

V.

Um skólanefndir.

24. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppstjélögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kys bæjar-

stjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsþjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólahjéraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið.

Nú er ekki kosið til hreppsnefndar (bæjarstjórnar) það ár, er fyrst er kosið í skólanefnd, og er þá rjett að kjósa skólanefndarmenn aðeins til þess tíma, er slik kosning fer fram.

Þegar tvö eða fleiri skólahjeruð ganga saman í eitt, eru skólanefndarmenn hins nýja skólahjéraðs skipaðir og kosnir sem áður segir, að öðru en því, að hvor hreppur kýs sinn mann og varamann; sjeu hrepparnir fleiri en tveir, ræður hlutkesti hverjir tveir hinna kjörnu taka sæti í nefndinni. Hlutkestinu stjórnar formaður skólanefndar.

25. gr.

Skólanefndarmenn fara með umboð sitt í 3 ár, og má fela þeim það á ný að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við því fyrri en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna áður en tími hans er útrunninn, skal sá, er kemur í hans stað, aðeins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

26. gr.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega, og er rjett að hann viki af fundi meðan rætt er eða ályktun gerð um málefni, er varðar hann sjálfan.

27. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

28. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahjéraðs síns. Hún auglýsir kennarastöðu, ef laus er, og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sjer um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegum nauðsynlegra kensluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert og ráðstafar því fje, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skólahjéraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum,

eftir því, sem þörf krefur, og sendir fræðslumálastjórninni til samþykktar. Hún býr út skýrslur þær og skirteini, sem fræðslumálastjórnin heimtar, um hag barnafræðslunnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjárframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnar.

29. gr.

Formaður skólanefndar hefir á hendi aðalframkvæmd þess, er segir í 28. gr., og sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast, sjeu samviskusamlega unnin. Formaður sjer um bókun á fundargerðum skólanefndar, skýrslur þær, er af henni eru heimtaðar, og annast brjefaviðskifti hennar. Formaður skólanefndar utan kaupstaða heldur reikning yfir tekjur og gjöld barnafræðslunnar í skólahjæraðinu ár hvert, og skal reikningurinn endurskoðaður af hreppsnefnd. Reikningar barnafræðslunnar skulu sendir fræðslumálastjórninni í afriti.

30. gr.

Fræðslumálastjórnin setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI.

Ýmisleg ákvæði.

31. gr.

Um lækniseftirlit með heilbrigði kennara og skólabarna og hollustuháttum skólanna fer eftir því, sem yfirstjórn heilbrigðismála ákveður í samráði við fræðslumálastjórn.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma úr gildi numin lög um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, lög um breyting á þeim lögum frá 30. júlí 1909, og önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.